

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73
18. maí 1990.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Orðin „vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og“ falli brott.
2. Við 3. gr. 2. másl. efnismálgreinar orðist svo: Tekjum af leyfum skal að jafnaði varið til hafsbots- og landgrunnsrannsóknna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.
3. Við bætist ný grein er verði 4. gr., svohljóðandi:
Við 4. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:
Við veitingu leyfa samkvæmt lögum þessum skal gætt ákvæða laga um mat á umhverfisáhrifum.
4. Við 4. gr. (er verði 5. gr.). Í stað orðanna „þau atriði sem umsækjandi skal tiltaka í umsókn um vinnsluleyfi“ í 2. efnismgr. komi: í umsókn um vinnsluleyfi.
5. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Í stað orðanna „skulu halda þeim leyfum í tvö ár“ í efnismálgrein komi: skulu halda þeim í fimm ár.